

LÍFEYRISSJÓÐUR VERKFRÆÐINGA

Fréttabréf - desember 2002

Fyrsta yfirlit úr nýju lífeyriskerfi

Með þessu fréttabréfi fylgir fyrsta yfirlitið úr nýja lífeyriskerfinu og sýnir það iðgjöld sem greidd voru í samtryggingardeild (lögbundið 10% framlag) á tímabilinu 1. febr. 2002 til 30. sept. 2002. Ef villur eru í yfirlitinu eða iðgjöld vantar eru sjóðfélagar beðnir að hafa samband við skrifstofu sjóðsins án tafar.

Yfirlit yfir iðgjöld greidd í séreignardeild verða send í annarri póstsendingu.

Viðamikil endurnýjun á tölvukerfum sjóðsins er langt komin. Kerfin hafa verið í notkun um margra mánaða skeið, en nokkur tími hefur farið í að fínstillta og samhæfa kerfin og leiðréttta villur sem óhjákvæmilega skjóta upp kollinum á slíku breytingaskeiði. Ávinningur af breytingunni er þegar kominn í ljós, því afköst við inn-skráningu gagna hafa aukist og yfirsýn er í ýmsum efnun betri en áður.

Samskipti á Netinu

Í kjölfar endurnýjunar tölvukerfa hefur sjóðurinn hug á að auka samskipti við sjóðfélaga á Netinu. Almenn upplýsingagjöf á heimasíðu sjóðsins, www.lifsverk.is, hefur smátt og smátt verið aukin og verður haldið áfram á þeirri braut. Næstu skref verða að auka sértæka upplýsingagjöf:

- Nú er allt að verða til reiðu að opna netaðgang sjóðfélaga að upplýsingum um iðgjöld og réttindi. Sjóðfélagar þurfa að sækja um aðgang, annaðhvort bréflega eða með tölvupósti, og fá í kjölfarið sent notandaheiti og lykilorð. Sjóðurinn mun senda sjóðfélögum bréf um þessa þjónustu innan skamms.
- Þá verður einnig leitað eftir því að sjóðfélagar sendi upplýsingar um netfang sitt til sjóðsins til að unnt verði að senda þeim tölvupóst með upplýsingum um starfsemi sjóðsins og þjónustuþætti, t.d. aðalfundi, námskeið, fræðslufni o.fl.

Námskeið um lífeyrismál og starfsemi sjóðsins

Fyrsta námskeiðið fyrir sjóðfélaga um lífeyrismál var haldið 24. október sl. Það var einkum sniðið að þörfum þeirra sjóðfélaga sem nálgast eftirlaunaaldur og fjallaði um valkosti í töku lífeyris og samspil við greiðslur og álögur hins opinbera. Alls sátu 13 sjóðfélagar námskeiðið. Glærur frá námskeiðinu hafa verið uppfærðar með tilliti til ábendinga þátttakenda og eru þær nú komnar inn á heimasíðu sjóðsins.

Tvö önnur námskeið verða haldin í janúarmánuði, fimmtudagana 16. og 23. janúar kl. 17:30-19:30 í Verkfræðingahúsinu að Engjateigi 9. Fyrri námskeiðið verður almenns eðlis, um ávinnslu lífeyrisréttinda og tryggingavernd, og ætti að gagnast jafnt nýjum sjóðfélögum sem hinum sem hafa lengi átt aðild að sjóðnum. Hitt mun fjalla um séreignarsparnað og fjárfestingar og verður leitast við að sníða það að þörfum sjóðfélaga sem ekki hafa sérmenntun eða starfsreynslu í fjármálum.

Sjóðfélagar eru beðnir að skrá sig til þátttöku með því að hringja á skrifstofu sjóðsins, sími 568 8504, eða með tölvupósti á netfangið postur@lifsverk.is.

Í kjölfar námskeiðanna í janúar hyggst sjóðurinn bjóða upp á þessi námskeið á vinnustöðum og öðrum stöðum þar sem sjóðfélagar koma saman. Er þess vænst að þar gefist einnig færi á skoðanaskiptum og umræðu um önnur málefni sem snúa að starfsemi sjóðsins. Einnig verða námskeiðin í boði fyrir námsmenn og aðra þá sem vilja kynna sér starfsemi sjóðsins áður en þeir taka ákvörðun um framtíðaráform sín í þessum efnun.

Viðhorfskönnun meðal sjóðfélaga

Lausnir ehf. gerðu viðhorfskönnun meðal sjóðfélaga Lífeyrissjóðs verkfræðinga í október sl. Rætt var í síma við 100 manns sem valdir voru af handahófi. Könnunin beindist að ímynd sjóðsins í hugum viðmælenda, svo og að þjónustu skrifstofunnar og viðhorfum sjóðfélaga til ýmissa þátta starfseminnar.

Þeir þættir sem komu sterkast fram í ímynd Lífeyrissjóðs verkfræðinga í hugum sjóðfélaga voru hagstæð lánakjör sjóðsins, sú skoðun að sjóðurinn sé traustur og sterkur og einnig velvilji og jákvæðni í garð sjóðsins. Ágreiningur eldri sjóðfélaga við sjóðinn og deilur sem skapast hafa milli eldri og yngri sjóðfélaga lita þó ímyndina nokkuð.

Almennt var ánægja með þjónustu sjóðsins og upplýsingagjöf, en í könnuninni komu þó fram ýmsar ábendingar um það sem betur mætti fara. Meirihluti sjóðfélaga var ánægður með fjárfestingarstefnu sjóðsins og tveir þriðju hlutar sjóðfélaga voru ánægðir með lánastefnu hans. Ánægjan með lánastefnuna birtist einkum meðal hinna yngri sjóðfélaga en eftir því sem ofar dró í aldri bar á gagnrýni á slaka ávöxtun vegna lágra vaxta.

Úrdráttur úr niðurstöðum könnunarinnar verður birtur á heimasíðu sjóðsins, www.lifsverk.is.

Misjafnt gengi í ávöxtun sjóðdeilda

Árið 2002 hefur komið misjafnlega við sjóðdeildirnar tvær, samtryggingardeild og séreignardeild. Ávöxtun samtryggingardeildar verður fyrirsjáanlega neikvæð þriðja árið í röð en ávöxtun séreignardeildar verður hins vegar jákvæð og kemur væntanlega vel út í samanburði við annan séreignarsparnað.

Niðursveifla á erlendum mörkuðum sem hófst vorið 2000 virðist hafa náð lágsta punkti í októbermánuði 2002, a.m.k. hafa erlendar hlutabréfavisitölur hækkað víðast hvar frá þeim tíma. Þær eiga þó langt í land að ná upphafsstöðu ársins, hvað þá hástöðu vorsins 2000. Í lok nóvember var MSCI heimsvísitalan enn tæpum 17% lægri en í ársbyrjun, mælt í dollar. Gengi dollarans hefur einnig lækkað á árinu gagnvart íslenskri krónu, um nærri 17% m.v. nóvemberlok. Samanlagt hafa þessi tvöföldu áhrif því leitt til lækkunar heimsvísitölnunnar um nærri 31% í íslenskum krónum.

Samtryggingardeild sjóðsins átti í upphafi ársins tæpan þriðjung eigna sinna í erlendum gjaldmiðlum, að mestu í hlutabréfum. Deildin hefur því fundið illilega fyrir niðursveiflunni og þrátt fyrir góða ávöxtun íslenskra eigna, einkum hlutabréfa, verður óhjákvæmilega um neikvæða ávöxtun að ræða.

Séreignardeildin hefur hins vegar frá því í mars 2002 einungis átt íslensk skuldabréf, flest með um og yfir 8% verðtrygðum vöxtum, og stefnir því í mjög gott ár hjá henni.

Jón Hallsson lætur af störfum

Jón Hallsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri sjóðsins, varð sjötugur í lok september sl. og lét af störfum hjá sjóðnum þá um mánaðamótin. Jón hafði starfað hjá sjóðnum í rúm 22 ár, þar af sem framkvæmdastjóri í yfir 20 ár.

Stjórn lífeyrissjóðsins efndi til hófs fyrir Jón á þessum tímamótum. Auk stjórnar og starfsmanna var boðið til hófsins öllum stjórnarmönnum sem starfað höfðu með Jóni á þessu tímabili, svo og starfsmönnum verkfræðingafélaganna að Engjateigi 9 þar sem skrifstofa sjóðsins hefur verið um árabil. Voru Jóni færðar þakkir fyrir vel unnin störf og hann leystur út með gjöfum og góðum ræðum.

10. desember 2002

Stefán Halldórsson, framkvæmdastjóri (stefan@lifsverk.is)

Gleðileg j l og farsælt komandi r